

Nd.

212. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um sölu á prestsetrinu Presthólum (þingskjal 160).

Frá nefndinni.

Greinin orðist svo:

Landstjórninni veitist heimild til að selja Halldóri prófasti Bjarnarsyni prestsetrið Presthóla í Núpasveit með hjáleigunni Katastöðum fyrir það verð, er óvilhallir, dómkvaddir menn meta, samkvæmt 7. og 8. gr. laga 16. nóv. 1907 um sölu kirkjujarða, þó eigi undir 4000 kr. Að öðru leyti gilda um sölu þessa ákvæði 3., 13. og 15. gr. fyrgreindra laga.